

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 129 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 30. janúar 2024 kl. 16:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Sæunn Magnúsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Drög að ársuppgjöri 2023.**

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársuppgjöri 2023. 4,4% aukning var á farþegaflutningum milli ára, 18.000 fleiri farþegar en 2022. Framkv.stjóra er þökkud yfirferðin.

2. **Landeyjahöfn.**

Siglingar Herjólfss til Landeyjahafnar hafa verið afar stopular frá því í okt. 2023. Ástæðan er fyrst og fremst vegna dýpis við hafnarmynni og í höfninni sjálfri. Skv. siglingaáætlun Herjólfss eru sjö ferðir daglega til Landeyjahafnar. Siglingar til Þorlákshafnar skerða þá þjónustu sem við viljum veita, draga úr tekjum ásamt því að auka verulega kostnað Herjólfss ohf.

Stjórn Herjólfss ohf. lýsir yfir áhyggjum af stöðunni og kallar eftir framtíðarsýn í málefnum Landeyjahafnar frá yfirvöldum.

3. **Lögheimilisafsláttur.**

Stórn Herjólfss ohf. Ítrekar að lögheimilisafsláttur gildir aðeins fyrir þá farþega sem hafa lögheimili í Vestmannaeyjum. Eins og áður hefur komið fram er óheimilt er með öllu að nýta þau afsláttarkjör fyrir aðra og hart verður tekið á þeim aðilum sem verða uppvísir að misnotkun.

4. **Önnur mál..**

Fram kom tillaga um að breyta tímasetningu á seinni ferð Herjólfss þegar siglt er til Þorlákshafnar, verði kl. 16:00 frá Eyjum og kl. 19:45 frá Þorlákshöfn.

Samþykkt var að breyta áætluninni tímabundið til 31.mars 2024.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 27. febrúar n.k.

Fundi slitið kl. 17:10.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.